

## AUGLÝSING um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

*Rjúpnahæð – Austurhluti. Aflakór 23. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 26. apríl 2016 breytt deiliskipulag fyrir Aflakór 23. Í breytingunni felst að byggja bílskúr á suðvesturhluta lóðarinnar. Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Rjúpnahæð – Austurhluti. Austurkór 163 og 165. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 26. apríl 2016 breytt deiliskipulag fyrir Austurkór 163 og 165. Í breytingunni felst að í stað parhúss á tveimur hæðum verði reist parhús á einni hæð og byggingarreitur stækkar til austurs. Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Digraneshlíðar. Gnitaheiði 8 og 8a. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 26. apríl 2016 breytt deiliskipulag fyrir Gnitaheiði 8 og 8a. Í breytingunni felst að bæta við nýjum bílastæðum innan lóðanna. Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Vatnsendahvarf, athafnasvæði IV. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 26. apríl 2016 breytt deiliskipulag fyrir Vatnsendahvarf, athafnasvæði IV. Í breytingunni felst að afmarka nýja lóð fyrir dreifistöð OR á bæjarlandi, sunnan Turnahvarfs 2. Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 3. maí 2016.*

**Birgir H. Sigurðsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 12. maí 2016